

11. gr.

Andmælandur.

Rannsóknarnámsnefnd gerir tillögu til deildarráðs um tvo andmælandur við doktorsvörn og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Annar andmælandinn skal vera utan deildar og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla, en hinn má vera innan deildar. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólans um doktorspróf. Andmælandur fá endanlegt eintak doktorsritgerðar að minnsta kosti sex vikum fyrir doktorsvörn.

12. gr.

Lærdómstíll.

Doktorspróf frá lyfjafræðideild Háskóla Íslands veitir rétt til lærdómstílsins *Philosophiae Doctor* (Ph.D.)

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands sem samþykktar voru af háskólaráði 15. febrúar 2001.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lyfjafræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 5. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinnsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag virkjunarsvæðis í landi Fremri-Hvestu við Arnarfjörð, Vesturbyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 12. nóvember 2003 samþykkt deiliskipulag virkjunarsvæðis í landi Fremri-Hvestu við Arnarfjörð, Vesturbyggð.

Deiliskipulagið felst í því að gert er ráð fyrir 570 kW virkjun í Hvestuá, stíflan verður um 17 m löng og stífluveggir ekki hærri en 2 m. Virkjun í Þverá verður 870 kW, stíflan verður 25 m löng og stífluveggir ekki hærri en 2 m. Lón við Hvestuá verður 1500 m²/2300 m³ og lón við Þverá 4000 m²/5500 m³. Stöðvarhús verður í um 720 m fjarlægð frá Þverárstíflu og 1015 m frá Hvestuárstíflu við bæjarhúsin á Hvestu. Fyrirhugað er að leggja 1500 m langan vegslóða frá stöðvarhúsi að stíflum. Að loknum virkjunarframkvæmdum verður vegslóða eytt og landið grætt upp.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Patrefskfirði, 2. febrúar 2004.

Brynjólfur Gíslason bæjarstjóri.